

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 70/1990. **Matthías Sveinsson**

(Jón Ólafsson hrl.)

gegn

Mosfellsbæ

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1990. Hann krefst greiðslu á 4.559.610 krónum auk 49,1% ársvaxta frá 1. september 1988 til 1. október sama ár, 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 17,6% frá þeim degi til 15. nóvember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. október 1989. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Að ákvörðun Hæstaréttar var mál þetta flutt um formhlið þess, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Aðilar óskuðu þess, að málið yrði tekið til efnismeðferðar, en gerðu ekki málskostnaðarkröfur í þessum þætti málsins.

Mál þetta var þingfest fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu 15. nóvember 1988. Þingað var í málinu 13. desember sama ár og 27. janúar 1989. Aðalflutningur fór síðan fram 28. september 1989, og var málið þá dómtekið. Dómur var kveðinn upp 1. desember sama ár. Liðu því rúmir tveir mánuðir, frá því að málið var dómtekið, þar til dómur var upp kveðinn. Þessi dráttur á dómsuppsögu var freklegt og vítavert brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda getur munnlegur flutningur eigi komið að því gagni, sem til er ætlast, er dómsuppsaga dregst svo lengi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar

að nýju. Vegna breytinga á dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og ber að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Málskostnaður fellur niður.
